

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík 15. nóvember 2011

Efni: Umsögn - Þskj. 41, 41. mál.

Samtökum lánþega hefur borist ósk frá nefndasviði Alþingis hvar sent er til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt, með síðari breytingum.

Erindið barst skrifstofu Samtaka lánþega þann 3. nóvember.

Samtök lánþega gera örfáar athugasemdir við frumvarpið eins og það liggur fyrir.

Í fyrsta lagi telja samtökin ekki ástæðu til að greina á milli lánþega eftir upphæðum niðurfellinga, heldur eigi eingöngu að tilgreina niðurfellingu lána sem telst skattskyld, í skilningi laga. Óskattskyld niðurfelling á að mati Samtaka lánþega ekki erindi inn í skattskýrslu, enda ætti slík niðurfelling að eiga sér eðlilegar ástæður, s.s. vegna leiðréttingar á áður ólöglega gengistryggðum lánnum.

Þá telja Samtök lánþega að í frumvarpinu ætti að koma fyrir ákvæði hvar tilgreint væri að hve miklu leyti innistæður hafa verið af ríkissjóði tryggðar umfram lagaskyldu, og þar með skylda aðila sem slíkra gjafagerninga nutu úr hendi ríkissjóðs, að telja það gjafafé til skatts. Með slíku ákvæði væri tryggt jafnræði milli aðila, hvort heldur þeir fengu niðurfelldar skuldir, sem annars hefðu átt að standa, eða fengu ríkistryggðar inneignir, sem annars hefðu verið tapaðar. Hvort tveggja fellur undir þá meginreglu skattalaga að hvers konar gæði, arður, laun og hagnaður sem skattaðila hlotnast og metin verða til peningaverðs, skuli teljast skattskyldar tekjur. Sama á við, og er sérstaklega tilgreint, að hvers konar aðrar skaðabætur og váttryggingabætur, skuli teljast sem skattskyldar tekjur.

Er því lagt til að orðalagi 1. gr. verði breytt í þá veru að ekki sé tilgreind lágmarksfjárhæð, heldur eigi framtalsskylda eingöngu við niðurfelldar skuldir sem með lögum má innheimta. Að sama skapi er lagt til að við bætist ákvæði sem taki sérstaklega á framtalsskyldum bótum vegna innistæðutrygginga.

Að öðru leyti er hvatt til þess að frumvarp það er hér er til umsagnar, verði að lögum með samþykki Alþingis.

Með vinsemi,

f.h. Samtaka lánþega

  
Digitally signed by Guðmundur  
Andri Skúlason  
DN: cn=Guðmundur Andri  
Skúlason, o, ou=Samtök lánþega,  
email=gandri@lanthegar.is, c=IS  
Date: 2011.11.16 15:43:29 Z

Guðmundur Andri Skúlason